

45. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 09.06 2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og nýráðinn sveitarstjóri Helgi Gíslason.

Dagskrá:

1. Sveitarstjóraskipti, undirritun prókúru o.fl.
2. Kjörskrá.
3. Breytingar á nefndum og stjórnnum
 - a) Kosning á aðalfund SSA, fulltrúi og varafulltrúi
 - b) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands , fulltrúi og varafulltrúi
 - c) Aðalfundur HAUST, fulltrúi og varafulltrúi.
 - d) Fulltrúa skipti í stjórn Ársala bs., Brunavarna á Austurland og Almannarnarnefnd
4. Endurskipun fjallskilanevndar .
5. Starfskjör oddvita og varaoddvita.
6. Samningur við Umhverfisstofnun um refaveiðar 2020-2022
7. Bréf.
 - a) Vinnumálastofnun t.p. 3.júní.
 - b) Ríkisskattstjóri 14.05 2020
 - c) Vegagerðin dags. 29.05 2020
 - d) Lánasjóður íslenskra sveitarfélaga ohf dags. 25.05 2020
 - e) SSA dags 22.05 2020
 - f) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 14.05 2020
8. Fundagerðir.
 - a) Fjallskilanevnd 03.06 2020
 - b) Upphéraðsklasi 07.05 2020
 - c) Almanarvarnarnefnd Austurlands
 - d) Nefnd um endurskoðun fjallskilasamþykktar 30.04 2020
 - e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 11.05 2020
 - f) Samfélagssjóður Fljótsdals 08.05 2020
 - g) Samfélagsnefnd 08.05 2020
9. Umhverfistyrkir.
 - a) Eyrarland, Þorvarður Ingimarsson
 - b) Vallholt, Reynir E. Kjerúlf
 - c) Þorgerðarstaðir, Þórarinn Þórhallsson og Gísli Örn Guðmundsson
10. Fjárbeiðnir
 - a) Austurbrú, kostnaður við vefmyndavél í Fljótsdalshreppi
 - b) Austurbrú, kajaksigling og myndataka

11. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.

12. Önnur mál.

1. Sveitarstjórnarskipti, undirritun prókúru o.fl.

Áður en gengið var til dagskrár tók Jóhann F. oddviti til máls og þakkaði Gunnþórunni Ingólfssdóttur fráfarandi sveitarstjóra fyrir vel unnin störf og afhenti henni blóm og birkiplöntu sem þakklætisvott frá sveitarfélaginu. Gunnþórunn hefur verið í sveitarstjórn frá árinu 1998 og sveitarstjóri frá árinu 2001. Hann bauð líka nýráðinn sveitarstjóra Helga Gíslason velkominn til starfa og afhenti honum Fljótsdælu eftir Helga Hallgrímsson.

Jóhann sagði frá að talsverður kostnaður hefur fallið á sveitarfélagið vegna sveitarstjórnarskipta og breytinga á stjórnsýslu. Kostnaðargreining varðandi þau mál verður gerð og lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins.

Sveitarstjórn undirritaði prókúru til nýs sveitarstjóra sem tekur gildi um næstu mánaðarmót.

2. Kjörskrá.

Kjörskrá vegna forsetakosninga 27. júní n.k., hefur ekki borist. Sveitarstjóra er falið að undirrita kjörskrána og leggja hana fram.

3. Breytingar á nefndum og stjórnnum

a) Kosning á aðalfund SSA, fulltrúi og varafulltrúi.

Oddviti kosinn fulltrúi sveitarfélagsins og varaoddviti til vara

b) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands, fulltrúi og varafulltrúi.

Sveitarstjóri kosin sem fulltrúi á aðalfundinn og oddviti til vara, jafnframt tekur Helgi sæti í í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands í stað Gunnþórunnar.

c) Aðalfundur HAUST, fulltrúi og varafulltrúi.

Sveitarstjóri kosin sem fulltrúi á aðalfundinn og oddviti til vara.

d) Fulltrúa skipti í stjórn Ársala bs., Brunavarna á Austurland og Almannarnarnefnd

Helgi sveitarstjóri tilnefndur sem fulltrúi Fljótsdalshrepps í stað Gunnþórunnar og oddviti til vara.

4. Endurskipun fjallskilanefndar.

„Ákvæði vegna stjórnkerfis sveitarfélagsins. • Nefndir og ráð (15.gr.) Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Fljótsdalshrepps skal gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust, og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta er gert til að tryggja sjónarmið og áhrif bæði karla og kvenna, við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu“.

Oddviti lagði til að ný fjallskilanevnd yrði skipuð eftirfarandi: Þorvarður Ingimarsson Eyrarlandi fjallskilastjóri, Anna Bryndís Tryggvadóttir Brekku varafjallskilastjóri, Gunnar Jónsson Egilsstöðum, Matthildur Erla Þórðardóttir Arnheiðarstöðum og Hjörleifur Kjartansson Glúmstöðum 2.

Samþykkt samhljóða.

Þá vill sveitarstjórn þakka þeim sem láta af störfum í Fjallskilanevnd fyrir vel unnin og óeigingjarnt störf og þá sérstaklega Eyjólfvi Yngvasyni sem hefur setið í fjallskilanevnd fyrir hönd sveitarfélagsins frá upphafi, eða frá árinu 2002.

5. Starfskjör oddvita og varaoddvita.

Jóhann og Lárus víkja af fundi.

Samþykkt er að vegna vinnu fyrir sveitarfélagið frá marsbyrjun og út júnímánuð, við ráðningarferil sveitarstjóra og aðra vinnu er varðar breytingar á stjórnarsýslu, verði þeim Jóhanni og Lárusi greidd laun skv. tímaskráningu, sem hlutfall af launum sveitarstjóra. Sveitarstjóra falið að sjá um uppgjör við þá.

Jóhann og Lárus komu aftur til fundar

Vegna breytts fyrirkomulags þ.e sveitarstjóri sinnir ekki lengur jafnframt oddvitahlutverki, þarf að ákveða hvernig greiðslum fyrir starf og fundarsetur verður háttað hjá oddvita. Eftir umræður um framtíðarfyrirkomulag var eftirfarandi ákveðið.

Oddviti hefur tvöföld mánaðarlaun sveitarstjórnarmanns fyrir að undirbúa mánaðarlegan fund sveitarstjórnar ásamt fleiri skyldum sem tengjast oddvitahlutverkinu. Varðandi fundargreiðslur fyrir aukafundi sveitarstjórnar fær oddviti tvöfalda greiðslu, en fyrir aðra fundi fær oddviti greitt eins og aðrir sveitarstjórnarmenn. Þetta fyrirkomulag tekur gildi 1. júlí 2020.

6. Samningur við Umhverfisstofnun um refaveiðar 2020-2022

Varðar áætlaðan kostnað vegna refaveiða í sveitarfélaginu til ársins 2022. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum og undirrita hann.

7. Bréf.

a) Vinnumálastofnun t.p. 3.júní.

Varðar sumarstarf fyrir námsmenn í sveitarfélaginu. Auglýst hefur verið á Facebook eftir áhugasömum aðilum. Sveitarstjóra falið að setja einnig auglýsingu í Dagskrána.

b) Ríkisskattstjóri 14.05 2020

Kynnt. Varðar vsk mál. Sveitarstjóra falið að fara yfir innihald bréfsins, með bókara og endurskoðanda sveitarfélagsins.

c) Vegagerðin dags. 29.05 2020

Umsókn Vegagerðar um stofnun vegsvæðis í fasteignaskrá, í landi Geitagerðis, heimild landeigenda fylgir með erindinu. Sveitarstjórn samþykkir erindið og hefur því verið komið til Byggingar-og skipulagsfulltrúa til afgreiðslu.

d) Lánasjóður íslenskra sveitarfélaga ohf dags. 25.05 2020

Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga. Haldin á Grand Hótel 12. júní. Kynnt.

e) SSA dags 22.05 2020

Fundarboð á aðalfund SSA, sem haldin verður í Egilsbúð, Neskaupsstað 23. júní 2020. Oddviti kosinn fulltrúi á fundinn og varaoddviti til vara.Sveitarstjóri hefur seturétt.

f) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 14.05 2020

Kynnt. Varðar breytingar á fjármálareglum sveitarfélaga. Tilgangur þessa bréfs er að hvetja sveitarstjórnir til að hafa samband við eftirlitsnefndina óski þær eftir frekari upplýsingum eða leiðbeiningum.

8. Fundagerðir.

a) Fjallskilanefnd 03.06 2020.

Fundargerð kynnt. Sveitarstjórn ræddi erindi frá Baldri Grétarssyni sem barst 5.5.2020 og varðar ósk hans um upprekstrarrétt í Rana og afnot af fjárdilk í Melarétt. Erindi Baldurs var vísað til Fjallskilanefndar og tekur nefndin jákvætt í málið. Skrifleg heimild umráðamanna Skriðuklausturs liggur fyrir . Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá samningi við Baldur á grundvelli niðurstöðu fjallskilanefndar og umræðu í sveitarstjórn.

b) Upphéraðsklasi 07.05 2020 Kynnt.

c) Almanarvarnarnefnd Austurlands

Samþykkt að taka þátt í kostnaði við starfsmann almannavarnarnefndar á grundvelli fyrirbyggjandi kostnaðarskiptingar. Þar sem fram kemur að hlutur Fljótsdalshrepps er 36. 120 kr.-

d) Nefnd um endurskoðun fjallskilasamþykktar 30.04 2020. Kynnt.

e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 11.05 2020. Kynnt.

f) Samfélagssjóður Fljótsdals 08.05 2020. Kynnt.

g) Samfélagsnefnd 08.05 2020. Kynnt.

9. Umhverfistyrkir.

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis

a) Eyrarland, Þorvarður Ingimarsson. Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann kom aftur til fundar

- b) Vallholt, Reynir E. Kjerúlf. Samþykktur hámarksstyrkur.
- c) Þorgerðarstaðir, Þórarinn Þórhallsson og Gísli Örn Guðmundsson .Samþykktur hámarksstyrkur.

Samþykkt að bæta við umsókn sem barst eftir að fundarboð var sent út.

- d) Glúmsstaðir 1, Jón Þór Þorvarðarson. Samþykktur hámarksstyrkur.

10. Fjárbeiðnir

- a) Austurbrú, kostnaður við vefmyndavél í Fljótsdalshreppi

Samþykkt að kosta vefmyndavél, allt að 100.000 kr. verkefnið er hluti að markaðsátaki fyrir Austurland.

- b) Austurbrú, kajaksigling og myndataka.

Samþykkt að taka þátt í verkefninu að upphæð 130.000 kr. Sveitarfélagið mun fá afnotarétt af myndefni.

11. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.

Kosning oddvita til eins árs. Gunnþórunn biðst undan kjöri til oddvita.

Jóhann F. Þórhallsson, 4 atkvæði. Lárus Heiðarsson, 1 atkvæði.

Kosning varaoddvita til eins árs.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir, 1 atkvæði. Lárus Heiðarsson, 4 atkvæði.

Jóhann er kjörinn oddviti til eins árs og Lárus varaoddviti.

12. Önnur mál.

- a) Eftir umræður um þær framkvæmdir sem sveitarfélagið hyggur á í sumar var samþykkt að Byggingar- og skipulagsfulltrúi ásamt byggingarnefnd og sveitarstjóra hafi yfirumsjón með framkvæmdum.
- b) Eiríkur nefndi girðingamál og skyldur bænda að viðhalda girðingum meðfram vegum, svo fé skapi ekki hættu.

Fundi slitið klukkan 18:46. Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)